

2020

# Snjóflóð á bátahöfn Flateyrar



Guðmundur M. Kristjánsson

Hafnir Ísafjarðarbæjar

11/12/2020

# Skýrsla vegna snjóflóðs í bátahöfn á Flateyri 14/01/2020

---

Guðmundur M. Kristjánsson hafnarstjóri

---

## Efnisyfirlit

Yfirlit.....	2
Yfirlitskort Flateyrahöfn.....	4
Myndir úr skönnun Flateyrahafnar .....	5
Tjón.....	6
Sex skip, tveir strandaðir á hvolfi, hinir sokknir.....	6
Annað sem fór í höfnina:.....	6
Á bryggjunni.....	6
Hreinsun.....	7
17.01.2020 föstudaginn .....	7
18.01.2020 laugardaginn .....	7
19.01.2020 sunnudaginn .....	8
20.01.2020 mánadaginn .....	8
21.01.2020 þriðjudaginn .....	8
22.01.2020 miðvikudaginn .....	9
24.01.2020 föstudaginn .....	9
28.01.2020 þriðjudaginn .....	9
29.01.2020 miðvikudaginn .....	10
30.01.2020 fimmtudaginn .....	10
31.01.2020 föstudaginn .....	10
31.01.2020 laugardaginn .....	10
Yfirlit um kostað og lokaorð .....	<b>Villa! Bókamerki ekki skilgreint.</b>

## Yfirlit

Eftir snjóflóðin varð ljóst að eftirfarandi bátar voru horfnir frá þeirri hafnaraðstöðu sem þeir voru bundnir við:

- Blossi 2836 ÍS 225
  - Eigandi Hlunnar ehf. (tryggður hjá VÍS). Sokkinn.
- Eiður 1611 ÍS 126
  - Eigandi Walvis ehf. (tryggður hjá Sjóvá). Sokkinn en marrar á hvolfi.
- Sjávarperlan 2338 ÍS 313
  - Eigandi Stútungur (tryggður hjá Verði). Sokkinn.
- Guðjón Arnar 1791 ÍS 708
  - Eigandi Útgerðarfélagið Ískrókur (tryggður hjá VÍS). Sokkinn.
- Brói1761 KE 69
  - Eigandi Sæþór Atli Gíslason (tryggður hjá Sjóvá). Strandaður.
- Orri 923 ÍS 180
  - Eigandi Tómas Patrik Sigurðsson (ótryggður). Strandaður.

Á fundi hafnarstjóra með tryggingarfélögum bátanna var ákveðið að fá Sjóþækni til að ná bátunum á flot og eða í land. Tryggingarfélögin hafa sameinast og náð samingum við fyrirtækið.

Það mun væntanlega óráðið hvernig kostnaður á meðhöndlun á Orra ÍS fellur, en hann er eini báturinn sem var ótryggður. Iceland Pro fishing átti gám með búnaði fyrir sína báta en sá gámur fannst undir flóðinu uppi á bryggjunni á bátahöfninni.

Fyrirtækið Grænhöfði á Flateyri átti gám á hafnarsvæðinu sem varð fyrir flóðinu og fannst undir því, beyglaður utan um bryggjuhúsið. Gámurinn geymdi kajaka og var allt sem í honum var ónýtt.

Olís og N1 munu greiða fyrir kostnað við björgun á þeirra búnaði sem lenti í flóðinu sem eru olíutankar og afgreiðslubúnaður.

Hafnir Ísafjarðarbæjar sömdu við Sjóþækni um að koma flotbryggjunum aftur í festar og mun því fylgja talsverður kostnaður, en í forgangi er að ná bátunum upp.

Í samráði við samhæfingarstöð almannavarna og svæðismiðstöðina á Ísafirði var kallaður til sérfræðingur Umhverfisstofnunnar, Sigríður Kristinsdóttir, til að hafa yfirumsjón með mengunarmálum á staðnum og voru allir aðilar samþykkir því. Samkvæmt fulltrúum samhæfingarstöð almannavarna mun kostnaður sem fellur til vegna aðkomu Umhverfisstofnunnar verða greiddur af ríkinu.

Fyrstu dagana eftir flóðið var varðskipið Þór í höfn á Flateyri og var Halldór Nellet skipherra höfnum Ísafjarðarbæjar innan handar með úrvinnslu á staðnum og varðandi fundi í aðgerðarstjórn á svæðinu á meðan hreinsun fór fram. Honum og áhöfn hans eru færðar kærar þakkir fyrir mikilvæga aðkomu á vettvangi.



*Mynd tekin af Steinunni Einarsdóttur /mbl.is 16/01/2020*

# Yfirlitskort af Flateyrahöfn



- |                   |                       |
|-------------------|-----------------------|
| OLIU ÚRGANGUR     | OIL WASTE             |
| ELDSNEYTI         | GASOLINE              |
| ENDURVINNSLA      | RECYCLING             |
| ÚRGANGUR          | GARBAGE               |
| SALERNI           | TOILETS               |
| ÍSOGSEFNI         | OIL SPILL KIT         |
| SLOKKVITÆKI       | FIRE EXTINGUISHER     |
| SKYNDIHLJÁLP      | FIRST AID             |
| NEYÐARSÍMI        | EMERGENCY PHONE       |
| BJÖRGUNAR BUNADUR | LIVE SAVING EQUIPMENT |
| UPPLÝSINGAR       | INFORMATION           |


Hafnarhúsið/  
Harbour House

Mælingarhl. 1: 1000 (A3)
Útgefið 1. Janúar 2016
Teiknað af: S. Þ. Þ.
Málstærni: 2016/02/01

**Flateyrahöfn**  
Yfirlitsmynd

**ÍSAFJARDARBERI**  
tekiáæðild  
Hafnarhl. 1, 401 Sævík, 401, IS-2000, Reykjavík

## Myndir úr skönnun Flateyrarhafnar.



Sjótækni tók myndir með neðansjávardróna strax eftir að snjóflóðið féll þar sem sjá má hvar aðskotahluti sem fylgdu snjóflóðinu var að finna.

## Tjón

Sex bátar, tveir strandaðir á hvolfi, hinir sokknir. Mengunarvaldandi efni um borð.

- Eiður: 2500 lítrar af dísel, tvær 20 lítra smurolíufötur, enginn forðatankur í bátnum.
- Guðjón A: 1000 lítrar af dísilolíu, engin smurolía nema á vél.
- Blossi: 640 lítrar af dísilolíu, engin smurolía nema á vél.
- Orri: U.þ.b. 50 af dísilolíu, hálf fata af úrgangsolíu.
- Brói: Ekki vitað
- Sjávarperlan: Gert ráð fyrir að ekki sé nema lítið magn af olíu. Hefur ekki verið í rekstri síðustu tvö ár.

### Annað sem fór í höfnina:

Einn 4.800 lítra tankur, talið að 200 lítrar hafi verið í honum. Skipverjar á Þór náðu honum upp á bryggju, kom í ljós við skoðun að það var gat á tankinum, ef einhver olía var í honum þá var hún farin. Tankurinn er í eigu Olís.



### Á bryggjunni

Tveir gámar, 20 og 40 feta, sem innihéldu rafgeyma, kajaka, björgunarbáta og fleira höfðu færst til á bryggjunni. Talið var í fyrstu að þeir hefðu farið í sjóinn en við skoðun kom í ljós að þeir voru uppi á bryggjunni, mikið skemmdir undir sjóflóðinu. Búnaður sem var í gám Iceland Pro Fishing virðist hafa horfið að mestu leyti með flóðinu þar sem einungis var um að ræða örfáa vinnuflotbúninga. Gámurinn sem innihélt kajaka frá kajakleigunni Grænhöfða var illa farinn og allt sem í honum var virðist vera ónýtt.



## Hreinsun

### 17.01.2020 föstudagur

Farið var með girðingu frá höfninni á Ísafirði til Flateyrar þar sem hún er tilbúin til notkunar ef loka þarf höfninni.

Sjótækni kortlagði botninn í höfninni með fjarðstýrðum bát með fjölgeislaæli.

Arnarlax bauð fram skipið sitt, Fosnakongen, til aðstoðar, var það þegið.

Björgunarsveitir og skipverjar á Þór notuðu daginn til að hreinsa upp brak í höfninni og gekk það mjög vel.

Olíutankur sem er staðsettur á uppfyllingunni sem lokar höfninni, hafði færst til, við athugun kom í ljós að úr honum lak olía í örfínna bunu, virðist sem segullokinn hafi staðið á sér, lokað var fyrir kranann og stöðvaðist þá lekinn.

### 18.01.2020 laugardagur

Kortlagning botnsins gaf góða mynd af því sem farið hafði í höfnina. Úrgangsolíutankurinn sást ekki og er því líklega undir snjónum á bryggjunni.

Fosnakongen kom að bryggju á Flateyri um kl. 11:00 og hófst vinna við að ná Blossa fljótlega upp úr því.



Kl. 19:30 var Blossi settur á bókka á höfninni. Undirbúningur gekk ágætlega en þegar farið var að draga Blossa kom í ljós að hann var fastur við Eið. Kafarar þurftu því að fara niður til að losa bátana í sundur. Bátnum var svo snúið án þess að það þyrfti að sökkva honum. Nokkra stund tók svo að dæla sjó upp úr bátnum sem var síðan hífður upp á bryggjuna þar sem honum var komið fyrir á búkkum og gengið frá. Spotti var settur í Eið þar sem hann flaut og hætta var á að hann færi af stað þegar veðrið versnaði.

Við aðra athugun á olíutankinum á uppfyllingunni, kom í ljós að ekki hafði lekið meira úr tankinum en búast má við að olía berist úr jarðveginum í höfnina í einhvern tíma.

### 19.01.2020 sunnudagur

Ekki var hægt að vinna við að ná skipum upp vegna veðurs.


### 20.01.2020 mánudagur

Hafnarstarfsmenn grófu sig niður á gámana sem ranglega hafði verið talið að farið hefðu í sjóinn og í ljós kom að rafgeymasýra hafði lekið úr geymunum. Verður sýran hreinsuð upp og rafgeymarnir settir í kör og komið í förgun. Erfitt getur verið að komast að gámunum þar sem þeir eru að stærstum hluta undir flóðinu.

### 21.01.2020 þriðjudagur

Byrjað var að koma taug eða hanafót yfir í Guðjón Arnar sem var á kafi milli Orra og bátabryggju. Guðjón Arnar er síðan dreginn í kafi að hafskipakanti og hífður í yfirborð með lestarkarm úr sjó og dælt úr honum. Minniháttar olíumengun varð af þessari aðgerð og var komið fyrir nokkrum olíusogspulsum til að hreinsa yfirborð.

Á fjöru var farið um borð í Bróa KE þar sem hann stóð á fjöru og var hann þurrkaður upp. Við það varð engin mengun heldur kom hreinn sjór úr bátnum. Hann var síðan dreginn að bryggju og bundinn fastur fyrir framan Guðjón Arnar.



## 22.01.2020 miðvikudagur

Fyrir hádegi er búið að ná upp samtals þremur bátum af sex. Reyna á að ná Sjávarperlunni upp í dag. Eiður þarf að bíða betra veðurs.

Litið er til föstudagsins 24. janúar til að halda áfram aðgerðum.

## 24.01.2020 föstudagur

Áframhald eftir tveggja daga óveðurskafla þar sem lítið var hægt að gera í hreinsunarstörfum á Flateyri. Báturinn Sjávarperlan var hífður upp á land. Báturinn var á hvolfi og mjög brotinn og smá olía lak úr honum á meðan verið var að hífa hann á land. Ekki myndaðist mikil olíubrák en var mjög sjáanleg í sjó. Uppsogspylsur voru settar út í sjó til þurrkunar.

Á bryggjuna voru settar olíuísogsmottur og koddar til að taka upp olíu sem lak á bryggju. Kari var komið undir þann stað þar sem báturinn lak. Enginn leki var sjáanlegur þegar búið var að hífa upp og ganga frá bátnum.

Hafnarstarfsmenn gengu frá uppsogsefni þegar vinnu var að fullu lokið.

Kjartan Hauksson framkvæmdastjóri Sjóttækni var eftir á staðnum til eftirlits og undirbúnings áframhaldandi starfs.

Ráðgert að fara að vinna við að ná Eið upp á þriðjudag 28. jan. og er nokkuð fyrirsjáanlegt að það muni taka einhverja daga. Þá verður unnið við Orra eftir það og síðan verður farið í að koma flotbryggjum fyrir á akkerum á þeim stöðum sem þær voru.

Unnið var að hreinsun á bryggju þar sem snjóflóðið féll á fimmtudag og föstudag og því verki haldið áfram á mánudag 27.01.2020

## 28.01.2020 þriðjudagur

Þá var farið í að færa bátinn Eið innan hafnar til þess að setja sig í stellingar við að rétta bátinn við í höfninni á Flateyri.



## 29.01.2020 miðvikudagur

Girt í kringum Eið með mengunarvarnarflotgirðingu. Einnig voru kafarar að undirbúa að festa víra og tog í bátinn til að gera klárt til þess að snúa honum. Einnig náðu kafarar að blinda alla loftventla ofan dekks sem liggja í olíutanka og er vonast til að það dragi verulega úr hættu á mengun við snúnings bátsins.



## 30.01.2020 fimmtudagur

Eins og gert hafði verið ráð fyrir var hafist handa við að snúa bátnum Eið um morguninn. Það tókst mjög vel og reyndust þær lokanir sem var búið að gera á loftöndun olíutanka halda fullkomlega þannig að engin eða óveruleg olíumengun myndaðist við þessa aðgerð.

Þessu verkefni var lokið um klukkan 1400 og þá voru starfsmenn frá Olíudreifingu sem höfðu verið til taks sendir heim.

Fram undan er að fara með lestarlúguna til Ísafjarðar og sjóða í hana rör sem notað verður til þess að dæla upp úr bátnum til að fleyta honum.

Stefnt að því að hefja dælingu úr bátnum föstudaginn 31/01 .

Ákveðið var að skilja mengunarvarnarflotgirðingu eftir í sjónum þar til báturinn verður kominn á flot.



## 31.01.2020 föstudagur

Föstudagurinn 31. janúar fór í að þetta allan leka í bátnum Eið og undirbúa það að dæla úr honum til að ná honum aftur á flot.

## 31.01.2020 laugardagur

Laugardaginn 1. febrúar um hádegi var byrjað að dæla úr bátnum og var hann kominn á flot milli 18:00 og 19:00 og gekk það verk þokkalega vel.



Engin mengun hlaust af aðgerðum við Eið en eins og áður hefur komið fram þá var viðhafður allur sá búnaður sem til er á svæðinu til að bregðast við hugsanlegri mengun við þessar aðgerðir. Hafnir Ísafjarðarbæjar vill koma á framfæri þakklæti til Ólíudreifingar fyrir aðstoð og viðbragð vegna hugsanlegrar mengunar.

Sjótækni tók sér nokkra daga til þess að ganga frá málum í tengslum við þau björgunarstörf sem þeir inntu af hendi á Flateyri .



*Þarna er Eiður kominn á réttan kjöl*



*Steinn sem fór í höfnina með snjóflóðinu. Hafa Flateyringar óskað eftir því að hann verði á hafnar svæðinu sem minnisvarði um flóðið.*



*Mikið verk og mörg tæki þurfti til þess að snúa flotbryggjunni við í heilu lagi.*



*Þarna er flotbryggjan komin á sinn stað*



*Þarna er verið að hífa flotbryggjulandstöpul af flotbryggju í land en hann hafði skotist einhverja 50 metra frá þeim stað sem hann var fastur í landi.*



*Feðgarnir Patrekur T. Sigurðsson og Sigurður Garðarsson gengu vasklega fram í að dæla sjó úr Orra og koma honum að bryggju og eru þeim færðar þakkir fyrir það.*



*Steinflotbryggja kominn á sinn stað.*



*Kajakar í eigu Sigurðar Hafberg sem allir voru ónýtir og er það mikið tjón. Óljóst er hvort að þeir hafi verið tryggðir.*



*Þarna er verið að brjóta og farga Sjávarperlunni en tryggingarfélag bátsins og eigendur sáu um það verk.*



*Orri kominn að bryggju og unnið við olíutank.*



*Kajakar mikið skemmdir.*



*Yfirlitsmynd séð frá grjótvarnargarði að bátahöfn.*



*Nýr landstöpull kominn upp fyrir Bobby bryggju*



*Núverandi staðsetning olíuafgreiðslu N1*



*Búið að rétta tengihús og hlaða upp porti fyrir sorp og spilliefnailát.*



*Bátahöfn Flateyri um mitt sumar 2020*



*Ljósamastri komið fyrir.*



*Júlí 2020: Öflug smábátaútgærð aftur komin af stað á Flateyri.*



**Yfirlit um landanir og afla þeirra báta sem lentu í flóðinu í tonnum síðustu 3 ár fyrir flóð**

		Skipaskr.nr	2017	2018	2019
<b>Nafn</b>	<b>Orrí</b>	<b>923</b>			
Afli			0	0	0
Fjöldi landana			0	0	0
<b>Nafn</b>	<b>Eiður</b>	<b>1611</b>			
Afli			128	228,8	12,8
Fjöldi landana			26	46	6
<b>Nafn</b>	<b>Brói</b>	<b>1761</b>	0	0	0
Afli			0	0	0
Fjöldi landana					
<b>Nafn</b>	<b>Guðjón Arnar</b>	<b>1791</b>			
Afli			0	2,8	7,9
Fjöldi landana			0	4	7
<b>Nafn</b>	<b>Sjávarperlan</b>	<b>2338</b>			
Afli			72,2	6,1	0
Fjöldi landana			39	11	0
<b>Nafn</b>	<b>Blossi</b>	<b>2836</b>			
Afli			248,9	317	303,6
Fjöldi landana			76	89	90
Heildarafli á Flateyri síðustu 3 ár fyrir snjóflóð			1.412,70	1.893,40	2.032,02
Fjöldi landana			987	1048	883



**Tryggingarbætur frá Náttúruhamfarasjóði og annar kostnaður hafnarsjóðs sem féll undir tryggingar.**

	Án VSK	VSK	Með VSK
Samtals heildartjónakostnaður sett fram af Höfnum Ísafjarðarbæjar	10.608.391	2.544.989	13.149.111
Tjónamatskostnaður metinn af tilkvöddum matsmanni fyrir NTÍ	10.178.212		
Eigin áhætta í þessu tjóni er metin	1.000.000		
Uppgert tjón frá Náttúruhamfratryggingu Íslands	9.178.212		

**Annar kostnaður vegna snjóflóðsins sem féll á Hafnarsjóð svo sem tjón á flotbryggjum hreinsun hafnarinnar og vinna starfsmanna sem ekki féll undir bætur Náttúruhamfaratryggingarsjóðs**

	Án VSK	VSK	Með VSK
Vinna og efni vegna þess sem ekki féll undir tryggingar	9.120.724	2.228.261	11.348.987
Heildarkostnaður vegna sjóflóðanna með tryggingabótum	10.178.212	2.544.989	13.149.111
<b>Samtals heildarkostnaður:</b>	<b>19.298.936</b>	<b>4.773.250</b>	<b>24.498.098</b>

Eins og sjá má af þessari samantekt hér að framan var kostnaður vegna þessa snjóflóðs mikill hjá hafnarsjóði. Þess skal þó haldið til haga að heildartjónið er mun meira ef talið er með það tjón sem einstaklingar og tryggingarfélag þeirra einstaklinga og fyrirtækja sem urðu fyrir tjóni vegna snjóflóðsins. Má gera ráð fyrir að það sé á bilinu eitt til tvö hundruð milljónir ef allt væri talið fram. Það má segja að vinna vegna þessa snjóflóðs hafi verið meira og minna eitthvað í hverjum mánuði þessa árs þó svo að það verði alltaf minna og minna en ég tel þó að allt sé til talið í þessu yfirliti eins og hægt er.

Einu sjáanlegu ummerki snjóflóðsins er lega bátsins Orra ÍS í höfninni en hann var eini báturinn sem ekki var tryggður og virðist vera sem svo að eigandinn sitji uppi með það tjón alfarið sjálfur. Skilyrði þess að hlutir séu bættir af Náttúruhamfaratryggingu Íslands er að eigur einstaklinga og félaga séu tryggðir hjá einhverju tryggingarfélagi.

Nauðsynlegt er að byggja varnargarð til þess að koma í veg fyrir að snjóflóð geti fallið í höfnina á Flateyri og hefur málið verið rætt í hafnarstjórn (209. fundur) sem hefur ályktað um að það verði að búa svo um að atvinnutæki og einstaklingar geti áhyggjulaust verið með eigur sínar í og á höfninni. Það má leiða líkur að því að núverandi varnargarður hafi valdið því að beina snjóflóðum í bátahöfnina á Flateyri og verður að telja að það sé algerlega óásættanlegt að svo sé, en sjálfsagt hefur þetta ekki verið tekið með í þá hönnun á sínum tíma þó svo að hagsmunaaðilar og heimamenn hafi bent á að þetta gæti gerst við aðstæður eins og þær sem sköpuðust þann 14. janúar 2020.

Ég vil beina þeim tilmælum til þeirra sem taka ákvörðum um að verja byggð og mannvirki fyrir náttúruhamförum að fara strax í að láta fara fram undirbúning og hönnun mannvirkis til þess að verja bátahöfnina á Flateyri og hafist verði handa um byggingu varnargarðs eins fljótt og hægt verður til að öryggi allra verði tryggt til framtíðar.

Ég vil nota tækifærið og þakka þeim sem stóðu með okkur í framlínunni við að koma að björgunar- og hreinsunarstörfum; Björgunarsveitinni Sæbjörgu á Flateyri ásamt félögum úr Björgunarsveitum frá Bolungavík, Hnífsdal og Ísafirði. Halldóri Nellet skipherra og áhöfn hans á varðskipinu Þór eru færðar sérstakar þakkir fyrir bæði aðstöðu til fundarhalda og áhöfninni vegna hreinsunarstarfa sem og leiðarljós í vettvangsstjórn og góð ráð í hvívetna. Starfsmenn Olíudreifingar á Ísafirði fyrir að standa vaktina með viðbragð vegna mengunar. Kjartan Hauksson og hans menn hjá Sjótekni fyrir dugnað og ósérhlífni vegna björgunarstarfa. Sigríði Kristinsdóttur frá Umhverfisstofnun sem hafði yfirumsjón með mengunarförnum fyrir góð ráð og eftirfylgni meðan á aðgerðum stóð. Ralf Trylla umhverfisfulltrúi Ísafjarðarbæjar fyrir góð ráð og eftirfylgni bæði meðan á aðgerðum stóð sem og alla tíð á meðan að unnið var að uppbyggingu og hreinsunarstörfum. Síðast en ekki síst hafnarstarfsmönnum Hafna Ísafjarðarbæjar sem alltaf voru á vaktinni. Einnig vil ég þakka öllum þeim aðilum sem urðu fyrir tjóni í þessum náttúruhamförum fyrir gott samstarf og skilning í erfiðum aðstæðum. Síðast en ekki síst fá þakkir þau Gunna og Jónsi í Gunnukaffi á Flateyri fyrir að vera alltaf til staðar með heitt á könnunni.

Ísafirði á afmælisdegi Guðrúnar Páls útgerðarmanns á Flateyri 12/11/2020

Guðmundur M Kristjánsson, hafnarstjóri